



## Fundargerð

**Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 178. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn í Mývatnssveit og fjarfundi, mánudaginn 24. október 2022, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,  
Hákon Ásgeirsson, varamaður varaformanns stjórnar,  
Elín Heiða Valsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,  
Soffía Gísladóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurbings,  
Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlabings,  
Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,  
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarféлага,  
Páll Ásgeir Ásgeirsson, varafulltrúi umhverfisverndarsamtaka,  
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Halldórsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Smáradóttir, verkefnastjóri skjalamála og skrifstofuþjónustu.

### Gestir:

Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður á norðursvæði - hálendi,  
Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður á norðursvæði - Jökulsárgljúfur,  
Guðrún Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - Jökulsárgljúfur,  
Magnús Guðmundsson, sérfræðingur á skrifstofu ráðuneytisstjóra hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti,  
Stefanía Eir Vignisdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - hálendi,  
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

### Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,  
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,  
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,

#### 1. Svæðisráð suðursvæðis - 110 - 2207001F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

#### 2. Svæðisráð suðursvæðis - 111 - 2209005F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

#### 3. Svæðisráð austursvæðis - 113 - 2209003F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

**4. Svæðisráð austursvæðis - 114 - 2209006F**

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð austursvæðis.

**5. Svæðisráð vestursvæðis - 104 - 2209002F**

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

**6. Svæðisráð vestursvæðis - 105 - 2210003F**

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

**7. Svæðisráð norðursvæðis - 92 - 2209001F**

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

**8. Svæðisráð norðursvæðis - 93 - 2210002F**

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

**9. Norðursvæði hálendi - skýrsla þjóðgarðsvarðar - 2007041**

Þjóðgarðsvörður á norðursvæði-hálendi fór yfir málin.

**Gestir**

Stefanía Eir Vignisdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á norðursvæði - 10:00

Anna Þorsteinsdóttir, þjóðgarðsvörður norðursvæðis - hálendi - 10:00

**10. Norðursvæði Jökulsárgljúfur - af vettvangi - 1910005**

Þjóðgarðsvörður á norðursvæði - Jökulsárgljúfur fór yfir málin.

**Gestir**

Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður á norðursvæði - Jökulsárgljúfur - 10:00

Guðrún Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á norðursvæði - Jökulsárgljúfur - 10:00

**11. Rekstur 2022 - 2201023**

Valbjörn Steingrímsson sviðsstjóri fjármála og framkvæmda fór yfir stöðu rekstrar. Lagðar fram upplýsingar um rekstur þjóðgarðsins frá janúar til og með september 2022. Samtals þrjú skjöl.

**Gestir**

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:30

*Miðað við bókhald stofnunarinnar fyrstu átta mánuði ársins þá er rekstur í ágætu jafnvægi.*

**12. Rekstraráætlun - 2023 - 2208071**

Valbjörn Steingrímsson sviðsstjóri fjármála og framkvæmda fór yfir fjárveitingar komandi rekstrarárs, helstu áskoranir ásamt því að lýsa vinnu og vinnutilhögun við gerð rekstraráætlunar.

**Gestir**

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs - 13:45

**13. Endurskoðun gjaldskrár Vatnajökulspjóðgarðs - 2022 - 2203022**

Lögð fram tillaga að endurskoðun gjaldskrár þjóðgarðsins ásamt fylgigögnum.

**Gestir**

Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Vatnajökulspjóðgarðs - 14:00

*Afgreiðslu frestað til næsta fundar.*

**14. Kynning á vinnu við stjórnskipulag stofnanna umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis - 2210026**

Fulltrúar frá umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti kynntu yfirstandandi vinnu við stjórnskipulag stofnana ráðuneytisins.

**Gestir**

Magnús Guðmundsson, sérfræðingur á skrifstofu ráðuneytisstjóra hjá URN - 15:00

*Stjórn þakkar fyrir kynninguna og leggur áherslu á að vandað verði til undirbúnings málsins.*

**15. Húsnæðismál Vatnajökulspjóðgarðs - 1909022**

Farið var yfir stöðu mála varðandi úrbætur í húsnæðismálum þjóðgarðsins.

*Stjórn ítrekar mikilvægi þess að undirbúningur að framtíðarlausn fyrir aðsetur þjóðgarðsins á Höfn hefjist sem fyrst. Leigusamningur þjóðgarðsins fyrir Gömlubúð rennur út í mars á næsta ári og er ekki gert ráð fyrir að hann verði endurnýjaður enda hentar húsnæðið ekki lengur miðað við umfang starfseminnar í dag. Er því gert ráð fyrir tímabundinni lokun gestastofunnar á næsta ári og að útvegað verði bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsmenn þar til fundin er lausn til framtíðar.*

**16. Skýrsla setts framkvæmdastjóra - 2206035**

Settur framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundum.

**17. Erindi til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins varðandi lagaheimildir um vegi og slóða - 2204062**

Lagt fram svar ráðuneytisins við fyrirspurn þjóðgarðsins dags 27. apríl 2021. Til kynningar

**18. Eftirfylgni stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar frá 2019 - 2208095**

Til kynningar.

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:00.